

Atvinnuvegaráðuneytið

Skrifstofa auðlinda, skrifstofa landgæða og dýraheilsu

atrn@atrn.is

Reykjavík, 20. febrúar 2026

Efni: Umsögn Samorku um drög að frumvarpi til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs, mál í samráðsgátt nr. S-31/2026

Samorka hefur tekið til umsagnar framangreind drög að frumvarpi til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs. Málið er nátengt máli í samráðsgátt nr. S-3/2026 um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, sem Samorka hefur þegar veitt umsögn um.

Samorka tekur undir þau meginmarkmið sem birtast í frumvörpunum um að tryggja samræmi, einfalda starfsumhverfi og auka skilvirkni.

Samorka hefur um árabil lagt áherslu á það í allri nálgun sinni að stjórnsýsla, leyfisveitingar og eftirlit sé sem mest á einni hendi („One-stop-shop“) og að stofnanir hafi burði og getu til að sinna sínu starfi. Það er lykilatriði til að ná skilvirkni, tryggja gæði og jafnræði, nauðsynlegan aðgang að gögnum, yfirsýn og þekkingu og kemur í veg fyrir að á sama tíma sé verið að vinna á mörgum stöðum að leyfisveitingum fyrir sama verkefni á grundvelli sömu gagna.

Samorka fagnar að þessu leyti framangreindum frumvörpum og telur þau í samræmi við áherslur Samorku.

Samorka telur hins vegar nauðsynlegt að draga fram og benda á að við flutning á verkefnum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga til annars vegar Umhverfis- og orkustofnunar og hins vegar nýrrar stofnunar sem sinnir eftirliti með matvælum þá mun eftirlit í tilviki vatnsveitna og neysluvatns sem nú er á einni hendi flytjast til fleiri aðila. Í því felst ákveðin hættu á að það regluverk sem tekur við verði flóknara en það sem nú er. Þá er jafnframt ljóst að uppfæra þarf og breyta fjölda stjórnvaldsfyrirmæla, reglugerða og samþykkt, þar á meðal samþykkt 555/2015 – *vatnsverndarsamþykkt höfuðborgarsvæðisins*.

Samorka styður markmið og framgang beggja framangreindra frumvarpa en leggur áherslu á að hugað verði vel að framkvæmd og nánari útfærslu málaflokksins, þar á meðal setningu og uppfærslu á nauðsynlegum stjórnvaldsfyrirmælum. Að öðru leyti vísar Samorka til fyrri umsagnar í máli S-3/2026.

Samorka er reiðubúin til samstarfs við stjórnvöld til að tryggja að umbætur á sviði eftirlits með neysluvatni skili sér í auknu öryggi og skilvirkni, án þess að skapa óþarfa stjórnsýslubyrði fyrir vatnsveitur.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur